

1949

Fimmtudaginn 13. október 1994.

Nr. 28/1992.

Óttar Yngvason

og Páll G. Jónsson

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

dánarbúi Þórönnu Guðmundsdóttur

Hauki Sveinbjörnssyni

dánarbúi Gísla Sigurgeirssonar

Sigurgeiri Gíslasyni

Sigurði Helgasyni

Einari Hallssyni

Ragnari Hallssyni

Sveinbirni Hallssyni

Hallgrími Sverrissyni

Óskari Sverrissyni

Sæmundi H. Magnússyni

Kjartani Má Jóhannssyni

Guðmundi Albertssyni

og Magnúsi Guðjónssyni

(Jóhann H. Nielsson hrl.)

Lax- og silungsveiði. Matsgerð. Stjórnsýsla. Andmælaréttur. Frávísun frá héraðsdómi. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1992. Þeir gera þá dómkröfu, að viðurkennt verði með dómi, að matsgerð um takmörk fiskihverfis Haffjarðarár, gerð af Jakobi Magnússyni fiskifræðingi og Lofti Al. Þorsteinssyni vatnaverksfræðingi 19. september 1983, hafi ekki gildi sem undirmatsgerð samkvæmt XV. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Þá gera þeir kröfu um, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði stað-

festur og áfrýjendur dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Frá því er dómur gekk í héraði, hefur stefndi Gísli Sigurgeirsson látist, og hefur dánarbú hans tekið við aðild málsins. Þá hefur stefndi Guðmundur Halldórsson einnig látist, og hafa erfingjar hans, Hallgrímur Sverrisson, Óskar Sverrisson, Sæmundur H. Magnússon og Kjartan Már Jóhannsson, tekið við aðild hans að málinu.

Þegar mál þetta var höfðað, var Þórunna Guðmundsdóttir látin, og laut dánarbú hennar forræði skiptaráðandans í Kópavogi. Mátti ekki eftir þágildandi réttarforsreglum höfða einkamál þetta á hendur dánarbúinu, sbr. 33. gr. laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Verður því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi, hvað þennan málsaðila varðar, og vísa kröfum á hendur honum frá héraðsdómi.

Jakob Magnússon fiskifræðingur og Loftur Al. Þorsteinsson vatnaverkfræðingur voru dómkvaddir af sýslumanninum í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 18. nóvember 1980 til að segja til um takmörk fiskihverfis Haffjarðarár. Fór dómkvaðningin fram samkvæmt XV. kafla laga um lax- og silungsveiði. Í héraðsdómi er því lýst, að vettvangsskoðun hafi farið fram að viðstöddum aðilum í júní 1981 og að áfrýjendur hafi á árinu 1982 skilað greinargerð og afhent ýmis gögn. Annar matsmanna hafi síðan skrifað umboðsmanni áfrýjenda bréf í júlí 1983 og tjáð honum, að matsgerðin væri á lokastigi, og gefið honum kost á að koma á framfæri nýjum gögnum og athugasemdum, áður en gengið yrði endanlega frá henni. Umboðsmaður áfrýjenda hafi svarað bréfi þessu og sent matsmönnum nokkur ný gögn. Jafnframt hafi hann óskað eftir því að fá afhent afrit fram kominna gagna í matsmálinu og tækifæri til að tjá sig um þau, ef matsmenn hygðust ljúka málinu, án þess að munnlegur málflutningur færi fram. Matsmenn hafi skilað álitinu 19. september 1983, án þess að haft væri frekara samband við aðila.

Áfrýjendur krefjast þess, að matsgerðin verði metin ógild, þar sem þeir hafi ekki fengið að kynna sér nokkur gögn málsins og tjá sig um þau, áður en matsmenn luku álitinu. Í matsgerðinni er talið upp, hvaða heimildir hafi einkum verið hafðar til hliðsjónar við matsstörf. Segir í matsgerðinni, að þetta séu prentaðar heim-

ildir, en þegar upptalningin er skoðuð, virðist þar fremur átt við ritaðar heimildir. Ágreiningslaust er, að áfrýjendur fengu ekki í hendur og gátu ekki tjáð sig um eftirfarandi gögn: Um lax í Hlíðarvatni og nágrenni 1982, frá janúar 1983, eftir Þóri Dan Jónsson, Veiðibók Núpár 1973–1977, Athugun á útbreiðslu lax á vatnasvæði Haffjarðarár, frá maí 1979, eftir Tuma Tómasson, og Greinargerðir Veiðifélags Núpár og Hlíðarvatnsbænda frá 1982. Gögn þessi liggja ekki fyrir í málinu, en samkvæmt heimildaskránni virðist hér um að ræða verulegan hluta þeirra upplýsinga um staðreyndir máls, sem matsmenn höfðu til hliðsjónar. Ekki liggur fyrir, að þessar upplýsingar séu öllum tiltækar.

Fyrir gildistöku stjórnsýslulaga nr. 37/1993 höfðu dómstólar slegið því föstu, að samkvæmt gildandi rétti ætti að gefa aðilum máls kost á að tjá sig um efni þess, áður en stjórnvald tæki ákvörðun í því, eins og nú er fyrir mælt í 13. gr. stjórnsýslulaga. Þótt í XV. kafla laga um lax- og silungsveiði sé rætt um matsgerðir og matsmenn, verður samkvæmt ákvæðum kaflans og eðli máls að gera sömu kröfur til ákvarðana samkvæmt honum og til úrskurða á stjórnsýslusviði. Aðilar máls þessa áttu því rétt á að fá í hendur helstu gögn um staðreyndir þess og að tjá sig um þau, áður en matsmenn lögðu endanlegt álit sitt á úrlausnarefnið. Samkvæmt því, sem að framan er rakið, höguðu matsmenn ekki störfum sínum með fullnægjandi hætti að þessu leyti, og er því rétt að taka kröfu áfrýjenda til greina.

Rétt þykir, að stefndu in solidum greiði áfrýjendum upp í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Áfrýjendur skutu ágreiningi um takmörk fiskihverfis Haffjarðarár til yfirmatsmanna samkvæmt XV. kafla laga um lax- og silungsveiði með bréfi 27. janúar 1984. Samkvæmt ákvörðun yfirmatsnefndar var meðferð málsins fyrir henni frestað 2. júlí 1984, meðan leitað væri úrlausnar dómstóla um ágreining vegna undirmatsgerðarinnar. Áfrýjendur stefndu málinu til bæjarþings Reykjavíkur í október 1984, en með dómi 30. apríl 1985 var því vísað frá bæjarþinginu. Sá dómur var staðfestur í Hæstarétti 12. júní sama ár. Var málinu síðan stefnt til aukadómþings Snæfellsness- og Hnappadals-sýslu og þingfest þar 20. september 1985. Málið lá svo þar óhreyft til ársins 1988, er það var tekið fyrir í júlí og tvisvar í september. Frekari gögn voru þá lögð fram og málinu frestað til aðalflutnings.

Aðalflutningur fór þó ekki fram fyrr en 28. október 1991. Eftir það var málið rekið með skaplegum hraða. Verður ekki hjá því komist að átelja meðferð málsins fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fram til þess tíma.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi, að því er varðar dánarbú Þórönnu Guðmundsdóttur.

Tekin er til greina krafa áfrýjenda, Óttars Yngvasonar og Páls G. Jónssonar, um, að matsgerð um takmörk fiskihverfis Haffjarðarár frá 19. september 1983 hafi ekki gildi sem matsgerð samkvæmt XV. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Stefndu, Haukur Sveinbjörnsson, dánarbú Gísla Sigurgeirssonar, Sigurgeir Gíslason, Sigurður Helgason, Einar Hallsson, Ragnar Hallsson, Sveinbjörn Hallsson, Hallgrímur Sverrisson, Óskar Sverrisson, Sæmundur H. Magnússon, Kjartan Már Jóhannsson, Guðmundur Albertsson og Magnús Guðjónsson, greiði áfrýjendum 150.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 6. janúar 1992.

Upphaflegir stefnendur voru Thor R. Thors, Hamarsgötu 8, Seltjarnarnesi, Richard Thors, Chicago, Bandaríkjunum, Þórður Thors, Langholtsvegi 118, Reykjavík, Unnur Thors Briem, Bergstaðastræti 84, Reykjavík, og Jóna Íris Thors, Gautaborg, Svíþjóð. Við fyrirtöku málsins 27. september 1988 tóku þeir Páll G. Jónsson, Vesturbrún 26, Reykjavík, og Óttar Yngvason, Birkigrund 23, Kópavogi, við aðild málsins sóknar megin.

Stefndu eru Ásgeir Pétursson, skiptaráðandi í Kópavogi, f. h. dánarbús Þórönnu Guðmundsdóttur og Haukur Sveinbjörnsson bóndi, Snorrastöðum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Litla-Hrauns, Gísli Sigurgeirsson og Sigurgeir Gíslason bændur, Hausthúsum, Eyjahreppi, vegna jarðarinnar Hausthúsa, Sigurður Helgason bóndi, Hraunholtum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Hraunholta, Einar Hallsson, Ragnar Hallsson og Sveinbjörn Hallsson bændur, Hallkelsstaðahlíð, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Hallkelsstaðahlíðar og Einar einnig vegna jarðar-

innar Hafursstaða í Kolbeinsstaðahreppi, Guðmundur Halldórsson bóndi, Syðri-Rauðamel, Kolbeinsstaðahreppi, vegna Oddastaða, Kolbeinsstaðahreppi, Guðmundur Albertsson, Heggstöðum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Heggstaða og Magnús Guðjónsson, Hrútsolti, Eyjahreppi, formanni Veiðifélags Núpár í Eyjahreppi vegna félagsins. Við fyrirtöku málsins 28. október 1991 kom fram, að við aðild málsins f. h. Þórönnu Guðmundsdóttur hefur tekið dánar- og félagsbú Þórönnu Guðmundsdóttur og Sigurðar Benjamíns Jónssonar.

Stefna í málinu var gefin út í Reykjavík 28. ágúst 1985 og það þingfest í aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 20. september 1985, eftir að lögmenn stefndu féllu frá stefnufresti. Málið var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 17. desember 1991. Dóm þennan kvað upp Pétur Kristinsson fulltrúi.

Mál þetta var upphaflega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, út gefinni 26. september 1984. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðnum 30. apríl 1985, var málinu vísað frá dómi, þar sem það var höfðað fyrir röngu varnarþingi. Dómur þessi var staðfestur með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 12. júní 1985. Aðalflutningur í málinu fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fór fram 28. október 1991 og kveðinn upp úrskurður í því 15. nóvember s. á. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar. Með dómi, upp kveðnum 12. desember 1991, ómerkti Hæstiréttur úrskurðinn og vísaði málinu heim í hérað ex officio til munnlegs flutnings, dómtöku og dómsálagningar, þar sem ljúka átti því með dómi.

Dómkröfur stefnenda eru, „að viðurkennt verði með dómi, að „matsgerð um takmörk fiskihverfis Haffjarðará“, gerð af Jakobi Magnússyni fiskifræðingi og Lofti Al. Þorsteinssyni vatnafræðingi 19. september 1983, hafi ekki gildi sem undirmatsgerð skv. XV. kafla laga nr. 76/1970“. Stefnendur krefjast einnig málskostnaðar in solidum úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess, að kröfum stefnenda verði hafnað. Einnig gera stefndu kröfu um málskostnað in solidum úr hendi stefnenda skv. gjaldskrá lögmanna.

Málavextir.

Í stefnu er málavöxtum lýst á eftirfarandi hátt: „Með bréfi til sýslumanns Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dags. 22. apríl 1980, óskuðu stefnendur og stefndu sameiginlega eftir dómkvaðningu matsmanna skv. lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, 94. gr., 2. mgr., til að meta, hver væru takmörk fiskihverfis Haffjarðará. Til matsins voru kvaddir dr. Jakob Magnússon fiskifræðingur og Loftur Al. Þorsteinsson vatnaverkræðingur. Mun dómkvaðningin hafa farið fram 18. nóvember 1980.

Matsmenn virðast hafa unnið öðru hverju að mati sínu árin 1981–1983. Vettvangsskoðun fór fram í júní 1981, og voru mættir fulltrúar matsbeiðenda. Í aprílmánuði 1982 var af hálfu stefnenda skilað greinargerð í matsmálinu og ýmis gögn lögð fram af þeirra hálfu. Í lok greinargerðarinnar áskildi umboðsmaður stefnenda sér rétt til að leggja fram frekari gögn í matsmálinu síðar og útlista og hafa uppi málástæður og kröfur, eftir því sem nauðsynlegt væri og málflutningur annarra aðila matsmálsins gæfi til efni til. Var sagt, að nánari útlistun alls málsins af hálfu stefnenda myndi verða gerð við munnlegan flutning þess.

Matsmenn ákváðu að eigin sögn, þegar fram kom á árið 1982, að bíða eftir niðurstöðum úr ýmsum athugunum, sem Þórir Dan Jónsson mun hafa gert það ár. Mun hann hafa skilað skýrslu um þær í janúar 1983.

Matsmaðurinn Jakob Magnússon ritaði umboðsmanni stefnenda, Óttari Yngvasyni hrl., bréf, dags. 5. júlí 1983. Sagði í bréfinu, að matsgerðin væri nú á lokastigi og að með bréfinu vildu matsmenn gefa matsbeiðendum tækifæri til að koma á framfæri nýjum gögnum, ef einhver væru, og athugasemdum, áður en gengið yrði endanlega frá matsgerðinni. Ekki fylgdi bréfi matsmannsins neitt yfirlit eða upplýsingar um skjöl í málinu.

Umboðsmaður stefnenda svaraði þessu bréfi um hæl með bréfi, dags. 11. júlí 1983. Fylgdu því nokkur ný gögn í málinu. Í lok bréfsins segir síðan svo: „Af hálfu umbj. m. er óskað eftir að fá afhent afrit fram kominna gagna í matsmálinu og tækifæri til að tjá sig um þau, áður en mati lýkur. Þessi beiðni er sett fram með sérstakri hliðsjón af þeim ummælum matsmannsins, að matsmenn hafi ekki í hyggju að viðhafa munnlegan málflutning, áður en þeir ljúka matinu.“

Matsmenn höfðu þessa ósk að engu. Fregnaði umboðsmaður stefnenda frá þeim einhvern tíma síðari hluta ársins 1983, að þeir hefðu lokið matsgerð sinni. Barst honum matsgerðin í ábyrgðarpósti 9. desember 1983. Í matsgerðinni sjálfri kom síðan fram, að matsmenn höfðu haft undir höndum og lagt til grundvallar í matinu margs konar gögn, sem umboðsmaður stefnenda hafði aldrei fengið að kynna sér og tjá sig um.

Af hálfu stefnenda var nú matsmanninum Jakobi Magnússyni sent ábyrgðarbréf, dags. 12. janúar 1984, þar sem enn var óskað eftir afriti allra skjala og gagna matsmálsins. Var tekið fram, að beiðnin væri sett fram vegna væntanlegrar málshöfðunar til ógildingar matinu í heild sinni og væntanlegrar áfrýjunar matsgerðarinnar til öryggis. Við þessu bárust engin svör.

Með bréfi, dags. 27. janúar 1984, var matsgerðinni síðan af hálfu stefnenda skotið til yfirmatsmanna skv. 94. gr., 3. mgr., laga nr. 76/1970. Aðal-

krafa stefnenda fyrir yfirmatsmönnum var sú, að þeir ógiltu undirmatsgerðina vegna rangra aðferða við matið. Var af hálfu stefnenda tekið fram, að ef hafnað yrði aðalkröfunni, annaðhvort vegna þess, að yfirmatsmenn teldu sig bresta vald til að verða við henni, eða vegna þess, að hafnað yrði málsástæðum fyrir henni, þá væri óskað eftir fresti á matsmálinu, meðan fengin væri úrlausn almennra dómstóla um lögmæti undirmatsgerðarinnar.

Með svonefndri afgreiðslu yfirmatsnefndar, dags. 2. júlí 1984, vísaði nefndin svo kröfu þessari frá sér, með því að yfirmatsmenn væru ekki bærir að verða við henni. Frestaði yfirmatsnefnd síðan störfum sínum að ósk stefnenda, meðan leitað væri dómsúrlausnar um lögmæti undirmatsgerðarinnar.

Með stefnu, dags. 26. september 1984, höfðuðu stefnendur mál á bæjarþingi Reykjavíkur á hendur öllum þeim sömu, sem hér er stefnt. Voru dómkröfur hinar sömu og í þessu máli. Mál þetta var þingfest 25. október 1984. Af hálfu stefndu var tekið til efnislegra varna og krafist sýknu.

Pau urðu úrslit málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með dómi 30. apríl 1985, að dómari vísaði því frá dómi án kröfu. Byggði hann dóm sinn á 143. gr. laga nr. 85/1936 og taldi, að ágreiningsefni um framkvæmd matsgerðar ætti undir þann dómara, sem kvatt hefði matsmenn til starfa. Mætti því ekki höfða málið á bæjarþingi Reykjavíkur. Stefnendur kærðu frávisunardóminn til Hæstaréttar. Var hann þar staðfestur með dómi 12. júní 1985. Að fengnum þeim dómi er málið nú höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, þar sem matsmennirnir voru dómkvaddir.

Fyrir dóminn kom Óttar Yngvason hrl., Birkigrund 23, Kópavogi, og gaf skýrslu í samræmi við málavaxtalýsinguna hér að framan. Eftirfarandi gögn, sem talin eru upp í matsgerð og lögð voru til grundvallar matinu, kvaðst Óttar ekki hafa haft undir höndum né hafa fengið enn í dag: Um lax í Hlíðarvatni og nágrenni 1982, eftir Þóri Dan Jónsson, Veidibók Núpár 1973–1977, Greinargerð Veidifélags Núpár, frá ágúst 1982, Athugun á útbreiðslu lax á vatnasvæði Haffjarðarár, maí 1979, eftir Tuma Tómasson. Óttar kannaðist ekki við Rolf Gydmo, sem skrifaður er fyrir Um útbreiðslu lax í Oddastaðavatni og Hlíðarvatni, nóvember 1978, ásamt Tuma Tómassyni, en kvaðst hafa undir höndum skjal frá sama tíma með sama nafni eftir Tuma Tómasson. Óttar kannaðist ekki við Greinargerð Hlíðarvatnsbænda, október 1982. Óttar kvaðst hafa undir höndum skjal, sem heitir Vottorð Skúla Magnússonar um níu laxa, þar af tvo dauða, sem getið er um á bls. 6 í matsgerðinni, en ekki er talið upp ásamt öðrum heimildum. Einnig kvaðst Óttar hafa undir höndum bréf Teits Arnlaugssonar til Jakobs Magnússonar matsmanns, dagsett 18. september 1981, en það bréf er ekki talið upp meðal heimilda.

Málsástæður og lagarök.

Samkvæmt greinargerð stefnenda eru þeir ógildingarannmarkar á matsgerð undirmatsmanna, „að stefnendur fengu ekki þrátt fyrir ítrekuð tilmæli að kynna sér gögn þau, sem matsmenn höfðu undir höndum og fram kemur í matsgerð þeirra, að þeir hafi lagt til grundvallar mati sínu. Þannig kemur t. d. fram í matsgerðinni, að matsmenn hafi sjálfstætt „aflað gagna úr ýmsum áttum“. Stefnendur hafa enga vitneskju um þessa gagnaöflun matsmanna, hvað þá að þeir hafi átt þess kost að kynna sér umrædd gögn og fjalla um þau. Sama er að segja um „vissar athuganir“, sem matsmenn segjast hafa fengið gerðar. Stefnendur vita ekki, hvaða athuganir þetta eru. Þá eru í matsgerðinni taldar upp svokallaðar prentaðar heimildir, sem „voru einkum hafðar til hliðsjónar við matsstörf“. Þarna eru talin upp skjöl, sem stefnendur vissu ekkert um og hafa aldrei séð. Má þar nefna greinargerðir frá Veiðifélagi Núpár frá ágúst 1982 og frá Hlíðarvatnsbændum frá október 1982, skýrslur Þóris Dan Jónssonar frá janúar 1983 og Tuma Tómassonar frá maí 1979. Kemur og beinlínis fram í matsgerðinni, að matsmenn hafa fyrirvaralaust lagt til grundvallar mati sínu ýmsar upplýsingar um matsefnið, sem stefnendur hafa enga hugmynd um, hvaðan eru fengnar.

Af hálfu stefnenda er talið, að þeim hefði borið skýlaus réttur til að fá að kynna sér öll gögn málsins og tjá sig um þau. Felist þetta í 140. gr. laga nr. 85/1936 og almennum ólögfestum reglum um rétt aðila í matsmáli til að kynna sér gögn máls og ástæður. Með þeim hætti einum eigi aðilar kost á að gæta hagsmuna sinna og verja sig fyrir röngum niðurstöðum málsins. Hér sé um að ræða grundvallarreglur, sem freklega hafi verið brotnar við meðferð málsins. Leiði það til þess, að matið hafi enga þýðingu í skiptum aðila, sé ógilt og hafi í reynd ekkert mat fram farið í málinu.

Stefnendur telja, að þessi sjónarmið eigi raunar enn fremur við í mati skv. XV. kafla laganna um lax- og silungsveiði nr. 76/1979 en um venjulegt mat skv. lögum nr. 85/1936, þar sem í lax- og silungsveiðilögum er um að ræða lögbundið mat um tiltekin atriði, sem felur í sér endanlegan úrskurð í deilu milli aðila um þau atriði. Matsmenn eru því í reynd lögbundnir gerðardómendur um tilgreind deiluatriði. Leiðir þetta til þess, að beita beri lögjöfnun frá ákvæðum einkamálalaga um rétt aðila til hagsmunagæslu og málflutnings.“

Lögmenn stefndu hafa í greinargerðum sínum andmælt kröfum stefnenda á þeim grundvelli, að matsmenn hafi í alla staði farið rétt að við matið, og verði því ekki með réttu haldið fram, að það sé ógildanlegt vegna rangra aðferða.

Annar lögmaður stefndu segir í greinargerð um þetta atriði: „... vett-

vangsskoðun fór fram 19. júlí 1981 að viðstöddum umboðsmönnum matsbeiðenda. Að skoðun lokinni var haldinn fundur, sem Hörður Einarsson hrl. sótti f. h. stefnenda þessa máls. Á þessum fundi gafst aðilum kostur á að túlka viðhorf sín, en jafnframt var beint til þeirra að láta í té gögn og upplýsingar, sem þeir hefðu undir höndum. Var gefinn ríflegur frestur til greinargerðar.

Af hálfu beggja aðila var skilað skriflegum greinargerðum. Þegar leið að lokum matsstarfsins, var aðilum enn gefinn kostur á að koma á framfæri upplýsingum, áður en gengið yrði frá matsgerðinni. Þá barst enn greinargerð frá umboðsmanni stefnenda. Ekki verður annað séð en matsmenn hafi í einu og öllu rækt starfa sinn svo sem lög og venja mæla fyrir um.

Stefndu telja, að stefnendur hafi átt þess kost við skoðun að skýra sjónarmið sín og koma fram með þau sjónarmið, sem þeir töldu skipta máli.

Það er skoðun annars lögmanns stefndu, „að matsmenn geti sjálfstætt aflað sér gagna og notað slík gögn við matið að vild, þó að þau hafi ekki verið kynnt matsaðilum. Á þetta jafnt við um öflun heimilda almennt um hliðstæð efni, svo sem álit fræðimanna og rannsóknir, sem gerðar hafa verið, sem um sjálfstæðar rannsóknir, gerðar af matsmönnum sjálfum eða á þeirra vegum. Slíkar athuganir ber matsmönnum ekki að kynna sérstaklega fyrir aðilum. Ber því að hafa í huga, að matsmennirnir hafa sérþekkingu til að bera á matsefninu.“

Jafnframt mótmælir lögmaðurinn „... að í 140. gr. einkamálalaga né í öðrum ólögfestum reglum sé lögð sú skylda á matsmenn að kynna sérstaklega fyrir aðilum sjálfstæðar athuganir sínar eða hjálpargögn, sem þeir kunna að afla sér við matsgerðir.

Engar reglur takmarka frumkvæðisrétt matsmanna, og engin skylda hvílir á þeim að leita milligöngu aðila við öflun gagna.

Engin skylda hvílir heldur á matsmönnum að viðhafa málflutning, og er því mótmælt, að ákvæðum einkamálalaga verði beitt um þessi atriði með lögjöfnun“. Jafnframt bendir lögmaðurinn á, að í matsgerðinni séu talin upp gögn, sem matsmenn höfðu til hliðsjónar við matið, en hvergi sé sagt, að þau gögn hafi verið lögð til grundvallar. Samkvæmt framansögðu telur lögmaðurinn ljóst, að matsmenn hafi í alla staði beitt löglegum og réttum aðferðum við matið og lagt til grundvallar réttar og fullnægjandi forsendur fyrir mati sínu, og beri því að hafna kröfum stefnenda.

Hinn lögmaður stefndu reisir kröfur sínar á því, að matsmenn hafi í alla staði staðið eðlilega að framkvæmd matsins og á því séu engir þeir annmarkar, er leitt geti til ógildingar undirmatsins.

Lögmaðurinn bendir á, að aðilar hafi verið „kvaddir til að vera viðstadd-

ir vettvangsgöngu og gefinn kostur á að skila greinargerðum, setja fram sjónarmið sín og kröfur og koma að frekari gögnum á síðari stigum. Liggur þetta ljóst fyrir af gögnum málsins.

Umbj. mínir mótmæla sérstaklega þeim skilningi stefnenda á 140. gr. einkamálalaga, að í henni felist réttur fyrir matsaðila að kynna sér öll gögn matsmáls og tjá sig um þau. Þvert á móti telja umb. mínir skilyrðum 140. gr. einkamálalaga hafa verið fullnægt í máli því, sem hér um ræðir, með því að kveðja aðila til vettvangsgöngu og gefa þeim kost á að koma að gögnum og tjá sig um málsefnið. Þá er því mótmælt, að nokkrar ólögfestar reglur tryggja aðilum aðgang að þeim gögnum, sem matsmenn kunna að styðjast við í starfi sínu.

Krafa stefnenda um ógildingu matsins stafar einungis af því, að ekki hafi verið gætt réttra aðferða við framkvæmd þess. Hins vegar er því ekki haldið fram af hálfu stefnenda, að þetta hafi haft áhrif á efnislega niðurstöðu matsmanna. Ekki hafa stefnendur heldur bent á nein gögn eða heimildir, er hefðu getað komið til álita við matið og ekki voru fyrir hendi við framkvæmd þess.

Umbj. mínir benda á, að heimild til málskots til yfirmats skv. 3. mgr. 94. gr. laga nr. 76/1970 á að vera fullnægjandi til að tryggja aðilum matsmáls skv. 94. gr. örugga niðurstöðu. Þá benda umbj. mínir á, að skv. 4. mgr. sömu greinar var heimilt að skjóta ágreiningi þeim, sem matsmálið tók til, beint til yfirmatsmanna, og er því ekki lögskýlt að leita undirmats um slíkt ágreiningsefni. Af þessum sökum telja umbj. mínir minni ástæðu en ella til að gera ríkar kröfur um meðferð máls í undirmati.“

Í máli þessu er deilt um, hvort í 140. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 eða öðrum ólögfestum reglum felist réttur aðila til að kynna sér öll gögn og ástæður, sem mat byggist á, og jafnframt, hvort beita eigi lögjöfnun frá reglum einkamálalaga um rétt manna til hagsmunagæslu og málflutnings, þegar um er að ræða mat skv. XV. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

94. gr. lax- og silungsveiðilaga kveður á um, að greini menn á um nánar tiltekin atriði, skuli „þá skera úr ágreiningi með mati“. Af þessum orðum er ljóst, að um mat er að ræða, en ekki t. d. gerðardóm. Í XV. kafla áður nefndra laga eru engar reglur um það, hvaða aðferðum matsmenn skuli beita við matið. Í samræmi við meginreglur hljóta því almennar reglur um framkvæmd mats að gilda, sbr. dóm Hæstaréttar í máli þessu frá 12. júní 1985, sem vísar til almennra reglna, þegar reglum lax- og silungsveiðilaga sleppir. Almennar reglur um málsmeðferð er að finna í 140. gr. einkamálalaga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu er ekki fallist á það með stefnendum, að neinar aðrar reglur gildi um málsmeðferð en almennar reglur um fram-

kvæmd mats, enda hlýtur mat eins og það, sem hér er deilt um, að byggjast á staðreyndum, en ekki huglægum atriðum, enda þótt í því felist úrskurður um deilu. Samkvæmt þessu er ekki fallist á lögjöfnun frá almennum reglum einkamála laga um rétt aðila til hagsmunagæslu og málflutnings.

Með vísan til atvika máls þessa, þ. e., að fram fór vettvangsganga og aðilum var ofsinnis gefinn kostur á að koma að þeim gögnum, sem þeir óskuðu, lítur dómurinn svo á, að skilyrðum nefndrar greinar hafi verið fullnægt við framkvæmd matsgerðar þeirrar, sem mál þetta snýst um, og að hvorki í nefndri lagagrein né öðrum ólögfestum reglum sé sú skylda lögð á matsmenn að kynna aðilum matsmáls þau gögn, sem lögð eru til grundvallar mati, né að viðhafa munnlegan málflutning.

Með vísan til þess, sem að ofan er rakið, er hafnað kröfum stefnenda um, að viðurkennt verði með dómi, að „matsgerð um takmörk fiskihverfis Haf-fjarðarár“, gerð af Jakobi Magnússyni fiskifræðingi og Lofti Al. Þorsteins-syni vatnafræðingi 19. september 1983, hafi ekki gildi sem undirmatsgerð skv. XV. kafla laga nr. 76/1970.

Stefnendur greiði stefndu málskostnað in solidum, sem hæfilega er metinn 200.000,00 kr.

D ó m s o r ð :

Hafnað er kröfum stefnenda um, að viðurkennt verði með dómi, að „matsgerð um takmörk fiskihverfis Haffjarðarár“, gerð af Jakobi Magnússyni fiskifræðingi og Lofti Al. Þorsteinsyni vatnafræðingi 19. september 1983, hafi ekki gildi sem undirmatsgerð skv. XV. kafla laga nr. 76/1970.

Stefnendur, Páll G. Jónsson, Vesturbrún 26, Reykjavík, og Óttar Yngvason, Birkigrund 23, Kópavogi, greiði stefndu, Ásgeiri Péturs-syni, skiptaráðanda í Kópavogi, f. h. dánar- og félagsbús Þórönnu Guðmundsdóttur og Sigurðar Benjamíns Jónssonar, Hauki Svein-björnssyni bónda, Snorrastöðum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðar-innar Litla-Hrauns, Gísla Sigurgeirssyni og Sigurgeiri Gíslasyni bændum, Hausthúsum, Eyjahreppi, vegna jarðarinnar Hausthúsa, Sigurði Helgasyni bónda, Hraunholtum, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Hraunholta, Einari Hallssyni, Ragnari Hallssyni og Sveinbirni Hallssyni bændum, Hallkelsstaðahlíð, Kolbeinsstaðahreppi, vegna jarðarinnar Hallkelsstaðahlíðar og Einari einnig vegna jarðarinnar Hafursstaða í Kolbeinsstaðahreppi, Guðmundi Halldórs-syni bónda, Syðri-Rauðamel, Kolbeinsstaðahreppi, vegna Oddastaða, Kolbeinsstaðahreppi, Guðmundi Albertssyni, Heggstöðum, Kolbeins-

1960

staðahreppi, vegna Heggstaða og Magnúsi Guðjónssyni, Hrútholti, Eyjahreppi, formanni Veiðifélags Núpár í Eyjahreppi, vegna félagsins, 200.000,00 kr. í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför.
